

Umsagnir Suðurbrekka

Míla

Á svæðinu eru lagnir í eigu Mílu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur tímanlega þegar til framkvæmda kemur. Við höfum hugsanlega áhuga á að vera með í framkvæmdum.

- Vænst er samráði og samvinnu

Isavia

Isavia vill benda á nálægð fyrirhugaðra uppbyggingar- og íbúðarsvæða á Ásbrú við athafnasvæði flugvallarins og flugbrautarenda m.t.t. hljóðvistar. Þó svæðið uppfylli eflaust viðmið í reglugerð þá að hafa það enn frekar í huga við skilmálagarð deiliskipulagsins, þ.e. að gera miklar kröfur til hljóðvistar við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á skipulagsreitunum. Jafnframt í ljósi mikillar íbúðaruppbyggingar á Ásbrú á næstu árum þá er ljóst að umferð til og frá svæðinu mun aukast. Vill Isavia benda í því samhengi á gatnamót Þjóðbrautar og Grænásbrautar sem er helsta tenging fyrir starfsemi Isavia á Austurhlaði, Háaleitishlaðs við Reykjanesbraut. Í dag er þar umtalsverð umferð sem mun eflaust aukast og huga þyrfti að betri og öruggari tengingum á því svæði.

- Í skipulagi þarf að taka tillit til umhverfishávaða, en það er jafnframt eðlileg krafa að umferð herflugvéla sé á svo stóru svæði sem flugvöllurinn er verði beint þangað sem það veldur sem minnstu álagi á íbúðabyggð.
- Unnið er með Vegarðinni að endurbótum vegtengingum við Reykjanesbraut

Landhelgisgæsla Íslands

Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið vekur athygli á eftirfarandi:

• Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið, í umboði utanríkisráðuneytisins, bendir á að á svæðinu gilda kröfur sem eru í svæðisskipulagi Suðurnesja vegna eftirlits-, ratsjár- og fjarskiptastöðvar, um að áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir húsum hærri en 45,42 m.y.s. sem á við á umræddu svæði skv. drögum að deiliskipulagi skuli haft samráð við Landhelgisgæsluna auk þess sem ákveðnar reglur eru settar í svæðisskipulaginu um klæðningar húsa.

- Tekið verður tillit til kröfu til húshæða en bent er að landhæð á Ásbruarsvæðinu er almennt um 40-45m.y.s. og öll byggð í Ásbrú er hærri en viðmiðunarhæðin eða um 50-55m.y.s..

• Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið minnir á að Keflavíkurflugvöllur er bæði her- og borgaralegur flugvöllur. Vegna herflugs sem um völinn fer er æskilegt að við gerð skipulaga, sérstaklega deiliskipulags séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á svæði sem er í nálægð við flugvölinn. Í hljóðvistarútreikninga svæðisins sem almenn er byggt á er ekki tekið tillit til herflugs. Því má búast við að raunhljóðvist sé slakari en útreiknað kort sýnir.

- Í skipulagi þarf að taka tillit til umhverfishávaða, en það er jafnframt eðlileg krafa að umferð herflugvéla sé á svo stóru svæði sem flugvöllurinn er verði beint þangað sem það veldur sem minnstu álagi á íbúðabyggð.

Veðurstofa Íslands

<https://skipulagsgatt.is/files/b99c0cbb-29d9-446d-808a-cbbfe67eea59>

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

<https://skipulagsgatt.is/files/32a6d3f7-a6a2-4329-9e65-5af798f5d18a>

- haft verður samráð um mengaðan úrgang. Landeigendur eru meðvitaðir um forsögu svæðisins.